



Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 30. október 2023

Efni: Umsögn um reglur um fjárframlög til háskóla, mál nr.192/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar áform um reglur um fjárframlög til háskóla, mál nr.192/2023. Í skjalinu segir að markmið reglna þessara sé að stuðla að gagnsærri og einfaldri dreifingu fjárframlaga til háskóla samkvæmt vel skilgreindum mælikvörðum. Tilgangur reglnanna er að skapa jákvæða hvata til að efla gæði náms og rannsókna í háskólum og auka fyrirsjáanleika við fjármögnun þeirra. Reglurnar taka til úthlutunar fjárframlaga úr ríkissjóði til viðurkenndra háskóla sbr. 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Samtökin fagna því að reiknilíkan háskólanna sé tekið til endurskoðunar, það eykur gagnsæi og fyrirsjáanleika við úthlutun fjármagns til háskóla. Reglurnar gera ráð fyrir því að horft verði til helstu þátta háskólastarfs og margt í þeim getur haft áhrif til góðs. Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé skýrt og skilvirkt reiknilíkan sem styður við öflugt háskólastarf og einnig að það sé til þess fallið að mæta þörfum atvinnulífs og samfélagsins í heild.

Helstu athugasemdir við frumvarpið:

- SI leggja áherslu á að menntakerfið sinni færnipörf iðnaðar og síbreytilegs samfélags. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að svara kalli atvinnulífsins en skortur er á fólki með menntun í iðn- og STEAM-greinum. Ísland er í 87. sæti hvað varðar útskrifaða úr STEAM-greinum á háskólastigi á Global Innovation Index árið 2023.
- SI telja það vera ranga áherslu að sjálfstæðir háskólar fái aðeins 75% af því framlagi sem rennur til opinberra háskóla fyrir sama árangur í kennslu, rannsóknum og samfélagshlutverki.
- SI vilja benda á þá skekkju í fjárframlögum vegna húsnæðis hjá sjálfstæðu háskólunum, en húsnæði er alveg utan reiknilíkans og er því munur á stuðningi ríkis við opinberu háskólana og þá sjálfstæðu því mun meiri en 75% hlutfallið gefur til kynna.
- Endurskoða þarf betur reikniflokka, en í sumum tilfellum er nám ekki rétt flokkað miðað við kennsluáðstöðu og sérhæfingu á hverju sviði.



Aukin þörf á sérhæfðum mannauði

Íslenskur iðnaður og tæknifyrirtæki þurfa fagmenntaða starfsmenn. Í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði 2023, kom t.d. fram að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er alveg sama hvar borið er niður, alltaf er viðkvæðið það sama hjá íslenskum atvinnurekendum, það vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að svara kalli atvinnulífsins en skortur er á fólki með menntun í iðn- og STEAM-greinum. Þannig er Ísland í 87. sæti hvað varðar útskrifaða úr STEAM-greinum á háskólastigi á Global Innovation Index árið 2023.¹

Endurskoða þarf framlög til sjálfstæðu háskólanna

Samtökin telja það vera ranga áherslu að sjálfstæðir háskólar fái 75% af því framlagi sem rennur til opinberra háskóla fyrir sama árangur í kennslu, rannsóknum og að hluta samfélagshlutverki. Slík ákvörðun, sem tíðkast í reiknilíkani til sjálfstæðra grunnskóla, finnst SI skjóta skökku við að tengja við sjálfstæða háskóla þar sem ekki eru stundaðar rannsóknir í grunnskólum, en þó skiljanlegt hvað snertir kennsluþáttinn. Hins vegar er ekki eðlilegt að ætlast til þess að nemendur, sem taka þátt í fjármögnun samfélagsins með sama hætti og aðrir, niðurgreiði með sérstökum skólagjöldum þær rannsóknir sem nýtast öllu samfélaginu. Hér skal bent á að óháð orðum 3. mgr. 3. gr. verða greiðslur vegna samfélagshlutverksins skertar til sjálfstætt starfandi háskólanna því þær hanga að stórum hluta á hlutdeild skólanna í framlögum til kennslu og rannsókna.

Húsnæðismál

Samtökin leggja áherslu á að endurskoða þurfi fjármögnun um húsnæðismál sjálfstæðu háskólanna sem eru alveg utan reiknilíkans og vilja samtökin benda á að samkvæmt upplýsingum í fjárlögum er mikill munur á stuðningi ríkis við opinberu skólana og þá sjálfstæðu. Munurinn er því mun meira en 75% hlutfallið gefur til kynna.

Reikniflokkum fækkað úr fimmtán í fjóra

Í stærsta flokknum eru félags-, hug- og menntavísindi auk aðfaranáms, en í þeim flokki eru 41% nemenda. Námsleiðin er skilgreind sem fyrirlestrar drifin, þá er einnig spurning hvernig er þá með þróun í kennsluháttum, hvort eigi ekki að vera skilyrði fyrir nám óháð búsetu í þessum reikniflokki. Skilvirkni sjálfstæðu háskólanna er mun meiri þar sem boðið er í meira mæli nám óháð búsetu. Reikniflokkar verða að taka mið af kennsluástöðu og sérhæfingu á hverju sviði og hvetja samtökin til þess að flokkunarkerfið verði endurskoðað með tilliti til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum

¹ <https://www.wipo.int/edocs/pubdocs/en/wipo-pub-2000-2023/is.pdf>